

4. gr.

Rekstur stofnunarinnar annist sérstakur forstöðumaður. Sé hann jafnframt prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu, og leiðbeini hann þeim nemendum, er taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Um skipun hans í starfið fer eftir sömu reglum og um aðra prófessora.

Til aðstoðar honum séu sérfræðingar, sem hafi fullt og fast starf við stofnunina, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum. Þeir skulu settir eða skipaðir af ráðuneytinu.

Auk þess starfi við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir séu til náms og starfa um skamman tíma í senn. Heimilt er og að ráða nauðsynlegt starfslið til vélritunar, ljósmyndunar og skrifstofustarfa.

Starfsmenn stofnunarinnar láti í té kennslu við háskólann í lestri handrita, fornskriftarfræði, útgáfutækni og öðrum þeim greinum, sem þeir eru sérfróðir um.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnunarinnar, ef þurfa þykir, þ. á m. um skipting hennar í deildir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 36/1962, um Handritastofnun Íslands.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samgöngumálaráðherra er heimilt að gefa út reglugerð um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa, þar sem meðal annars sé ákvæði um sektarviðurlög um brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.